

Til íbúaráðs Kjalarness

Tillaga um að Barnalundur fái formlegan sess í skipulagi hverfisins

Formaður íbúaráðs Kjalarness leggur til að Barnalundur á Kjalarnesi komist á blað hjá skipulagsyfirlöndum og fái formlegan sess í skipulagi hverfisins til framtíðar. Þetta er nauðsynlegt svo Barnalundurinn fái að vaxa og dafna í framtíðinni.

Barnalundurinn er svæði sem hýsir verkefni leikskólabarna á Kjalarnesi en þar gróðursetja þau árlega tré fyrir þau börn sem fæðast á Kjalarnesi. Í meðfylgjandi skýrslu, Tréið mitt, má sjá upplýsingar um verkefnið og staðsetningu þess.

Í byrjun árs kom upp sú umræða að búið væri að úthluta öðru verkefni svæði upp við Barnalundinn og inn á mögulegu stækkunarsvæði hans. Við nánari eftirgrenslan kom í ljós að þeir aðilar sem stóðu að því verkefni vissu ekki af tilurð Barnalundsins. Það undirstrikar mikilvægi þess að Barnalundurinn fái formlegan sess í skipulagi hverfisins.

Virðingarfyllst,

Sigrún Jóhannsdóttir

Kt. 240271-3629